

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, breyting, ferðaþjónusta.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 16. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar vegna ferðaþjónustu. Markmið með breytingunni er að skilgreina þætti sem snúa að ferðaþjónustu og samspili hennar við náttúru, menningarminjar og virkjun. Breytingarnar ná m.a. til akvega, göngustíga og gönguleiða, áningarstaða á áhugaverðum stöðum með lágmarksaðstöðu og upplýsingaskiltum, útsýnisstaðar á Ketilfjalli og megináningarstaðar með aðstöðubyggingum fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila nyrst í Þeistareykjatóni.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 15. ágúst 2024.

Anna Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2024